

Föstudaginn 26. nóvember 1982.

Nr. 255/1981. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Jóni Eyvindssyni Bergmann

(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ítrekun.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Björn Sveinbjörnsson og Guðmundur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Ríkissaksóknari hefur áfrýjað máli þessu að ósk ákærða, en einnig til þyngingar refsingu af hálfu ákærvalds.

Ágrip málsskjala barst Hæstarétti 25. mars 1982.

Af hendi ákærvalds var lýst yfir því fyrir Hæstarétti, að felld væri niður úr ákæru tilvitnun í áfengislög nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Fallast ber á úrlausn héraðsdómara um sakfellingu ákærða, og er brot hans í ákæru heimfært til rétttra ákvæða umferðarlaga. Brot hans er ítrekað, og þykir refsing hans hæfilega ákveðin 15 daga varðhald.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eru staðfest.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 3.500.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 3.500.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Jón Eyvindsson Bergmann, sæti varðhaldi 15 daga.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og greiðslu sakarkostnaðar eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 3.500.00 krónur.

ur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skarp-
hédiðs Þórissonar hæstaréttarlögmanns, 3.500.00 krón-
ur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 18. júní 1981.

Ár 1981, fimmtudaginn 18. júní, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var að Borgartúni 7 af Ármanni Kristinsyni sakadómar, kveðinn upp dómur í sakadómsmálinu númer 500/1981: Ákærvaldið gegn Jóni Eyvindssyni Bergmann, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 2. október 1980, gegn ákærða, „Jóni Eyvindssyni Bergmann síma-
verkstjóra, Baldursgötu 20, Reykjavík, fæddum 28. apríl 1922 í Keflavík, fyrir að aka fimmtudaginn 2. ágúst 1979 undir áhrif-
um áfengis bifreiðinni R 3109 um götur í grennd við Kirkju-
bæjarklaustur í Vestur-Skaftafellssýslu, þar sem lögreglumaður
hafði afskipti af ákærða, er hann ók að Hótel Bæ þar á staðn-
um.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr.
umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr.
24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku-
leyfisviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24.
gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann sætt kærnum og
refsingum sem hér segir:

„1966 29/11 í Reykjavík: Sátt, 3.000 kr. sekt fyrir brot á 25.,
37. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga. Sviptur
ökuleyfi í 4 mán. frá 29/11 1966.

1970 4/2 í Reykjavík: Dómur: 15 daga varðhald, sviptur öku-
leyfi ævilangt frá 4. febrúar 1970, fyrir brot gegn
25., 26., 37. gr. umferðarlaga.

1975 20/2 í Reykjavík: Dómur: 10 daga varðhald fyrir brot
gegn 1. mgr. 27. gr. umferðarlaga.

1976 6/7 í Reykjavík: Veitt ökuleyfi á ný.

1977 19/9 í Reykjavík: Sátt, 90.000 kr. sekt fyrir brot á 25.
gr. umferðarlaga. Sviptur ökuleyfi í 1 ár frá 31/8
1977“.

Í skýrslu Harðar Davíðssonar, lögreglumanns í Vestur-Skafta-fellssýslu, er atvikum máls þessa meðal annars lýst á þessa leið: „Fimmtudaginn 2. ágúst 1979, klukkan 13:45, var undirritaður staddur við Hótel Bæ á Kirkjubæjarklaustri, óeinkennisklæddur. Kom þá græn Volkswagen bifreið, R-3109, akandi að austan og stöðvaðist skammt frá mér. Út úr bifreiðinni kom maður mjög valtur á fótum og skjögraði inn á símsstöð, sem er gegnt hótelinu. Virtist mér maður þessi vera mjög drukkinn, og fór ég á eftir honum með þann ásetning í huga að hindra frekari akstur bifreiðarinnar. Bað ég manninn að koma og tala við mig, en sá neitaði því eindregið. Fór undirritaður því næst heim að Efri-Vík, klæddist lögreglubúningi, og kom aftur á staðinn um 15 mín. seinna ásamt lögreglumanni númer 4, sem var óeinkennisklæddur. Þá hafði símsstöðvarstjórinn hjálpað umræddum manni inn á hótélherbergi á Hótel Bæ, þar sem hann hafði aðsetur um tíma ásamt konu sinni. Undirritaður hafði tal af manni þessum, sem samkvæmt ökuskírteini heitir Jón Eyvindsson Bergmann. Öndunarpróf var tekið af Jóni, sem mældist 3 stig. Jón var mjög óstyrkur á fótum sem fyrr, en neitaði því alfarið að hafa neytt áfengis þá um daginn. Föstudaginn 3. ágúst hafði ég tal af Jóni og innti hann eftir áfengisneyslu daginn áður. Segir hann svo frá, að þann dag eftir hádegisð hafi hann ekið austur að Skaftárskála í þeim tilgangi að leita að seðlaveski, sem hann hafi týnt þá um morguninn. Við Skaftárskála kvað hann mann nokkurn, sem hann ekki bar kennsl á, hafa veitt sér vín.“

Samkvæmt varðstjóraskýrslu sama lögreglumanns neitaði ákærði að hafa neytt áfengis, eftir að akstri hans lauk.

Lögreglan í Reykjavík tók skýrslu af ákærða hinn 18. september 1979. Neitaði ákærði þá, að hann hefði fundið til áhrifa áfengis við aksturinn, en kvaðst hafa neytt áfengis, eftir að honum lauk.

Ákærði skýrði svo frá fyrir dómi, að hann hefði greindan dag ekið bifreiðinni R 3109 frá gistiheimilinu á Kirkjubæjarklaustri að söluskála í nokkur hundruð metra fjarlægð og keypt þar smávarning, sem hann fór með á gistiheimilið til sambýliskonu sinnar. Varð hann þá var við, að seðlaveski hans var glatað, og ók því aftur að söluskálanum. Ekki reyndist veskið vera þar. Hann ók til baka að gistiheimilinu og hóf að leita að því í og við bifreiðina. Við þá leit fann hann í bílnum hálfflösku af líkjör, sem hann fór með inn á salerni gistiheimilisins. Drakk hann þar allt innihald hennar. Að því loknu fór hann aftur út í bifreiðina og

leitaði betur að veskinu, en gekk síðan inn á símstöðina, sem var örskammt þar frá, en eftir það kvaðst hann lítið muna til atvika.

Ákærði taldi, að um 15 mínútur hefðu liðið, frá því að hann kom á bílnum og þar til hann fór inn á símstöðina.

Ákærði staðfesti, að daginn eftir fyrrnefndan atburð hefði hann játað fyrir lögreglunni á Kirkjubæjarklaustri akstur bifreiðarinnar R 3109 eftir áfengisneyslu í söluskálanum sem og að hafa þá fundið til áhrifa áfengis.

Ákærði gaf þá skýringu á þessari játningu sinni, að sambýliskona hans væri andvíg því, að hann neytti áfengis, hún verið sjúk um þetta leyti og hann því ekki viljað láta hana komast að því, að hann hefði sjálfur verið með áfengi í fótum sínum.

Vitnið Nielsína Ósk Wíium, unnusta og sambýliskona ákærða, til heimilis að Baldursgötu 20 hér í borg, kvað ákærða hafa ekið bifreiðinni frá hótelinu að söluskála þar skammt frá. Litlu síðar kom hann aftur inn á herbergi þeirra í hótelinu og tók þá eftir því, að peningaveski hans var horfið. Hann hefði þegar í stað ekið að nýju að söluskálanum í leit að veskinu og þá ekki verið undir áhrifum áfengis.

Vitnið staðhæfði, að skömmu síðar hefði það séð ákærða koma aftur á bifreiðinni og leggja henni fyrir framan dyr hótelsins. Kvaðst vitnið þá hafa verið inni á herbergi þeirra. Ákærði fór inn á símstöðina, og einnig sá vitnið hann vera að leita í bifreiðinni, en ekki greindi það áfengi í fótum hans.

Örskömmu síðar kvað vitnið einhverja konu hafa komið með ákærða inn á hótélherbergi þeirra, og var hann þá sýnilega undir áhrifum áfengis.

Eftir að vitninu voru kynntir framburðir vitnanna Harðar Davíðssonar og Elínar Önnu Valdemarsdóttur þess efnis, að herbergi þeirra ákærða hefði snúið þannig, að vitnið hefði ekki getað séð til bifreiðar ákærða, breytti vitnið Nielsína Ósk framburði sínum í þá veru, að það hefði ekki beinlínis séð bifreið ákærða frá hótélherberginu, en hins vegar heyrt „drunurnar“ í henni þangað inn.

Vitnið Hörður Davíðsson lögregluþjónn, Efri-Vík, Landbroti, kvað ákærða hafa komið mjög „reikulan“ út úr bifreiðinni R 3109 fyrir vestan Hótel Bæ á Kirkjubæjarklaustri og farið rakleiðis inn á símstöð. Vitnið staðhæfði, að það hefði séð ákærða aka bifreiðinni í þessu ástandi. Vitnið fullyrti einnig, að Nielsína Ósk hefði ekki getað séð bifreiðina R 3109 umrætt sinn, þar sem

glugginn á herbergi hennar hefði vísað frá bifreiðinni. Vitnið staðfesti framburð sinn með eiði.

Vitninu Elínu Önnu Valdemarsdóttur símstöðvarstjóra, Kirkjubæjarklaustri, virtist ákærði vera undir áhrifum áfengis, þegar hann kom inn á símstöðina. Hann var óstyrkur á fótum og átti erfitt með að ganga beint, en var mjög rólegur og kurteis. Hörður Davíðsson lögregluþjónn kom inn og bað ákærða að tala við sig. Virtist vitninu hann æsast við það. Vitnið fylgdi ákærða til herbergis hans í gamla gistihúsinu, þar sem kona hans tók á móti honum. Herbergið var norðan megin í húsinu, og sneri glugginn í þá átt. Bifreið ákærða hefði hins vegar staðið sunnan við skúr, sem áfastur var gamla gistihúsinu. Taldi vitnið því, að ekki hefði verið unnt að sjá bifreiðina út um herbergisgluggann.

Í blóðsýni, sem ákærða var tekið, reyndist alkóhólmagnnið vera 2.55‰.

Með hliðsjón af reikulum framburðum ákærða og vitnisins Nielsínu Óskar annars vegar og hins vegar framburðum vitnanna Harðar Davíðssonar og Elínar Önnu Valdemarsdóttur, mikils alkóhólmagns í blóði ákærða, tímamarka og annarra atriða, sem rakin hafa verið hér að framan, þykir nægilega sannað, að ákærði hafi gerst sekur um háttsemi þá, sem hann er sakaður um í ákæru og þar er rétt færð til refsíákvæða.

Refsing ákærða þykir eftir atvikum hæfilega ákveðin 4.500.00 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald í 15 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dóms.

Samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 24. gr. áfengislaga ber að svipta ákærða ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja, og frestar áfrýjun ekki virkni dóms að þessu leyti.

Loks ber að dæma ákærða til að greiða allan sakarkostnað.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Eyvindsson Bergmann, greiði 4.500.00 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi 15 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum ævilangt frá birtingu dómsins að telja, og frestar áfrýjun ekki virkni dómsákvæðis þessa.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dómi ber að fullnægja með aðför að lögum.